



Sent í samráðsgátt

Reykjavík, 15. júní 2021


Efni: Umsögn SI og FVE um drög að reglugerð um réttindi til að stjórna vinnuvélum

Samtök iðnaðarins og Félag vinnuvélaeigenda („samtökin“) hafa tekið ofangreind reglugerðardrög („drögin“) til umsagnar. Samtökin eru heilt yfir jákvæð gagnvart drögunum en vilja þó sérstaklega benda á eftirtalin atriði.

Samtökin telja fagnaðarefni að drögin geri fólki kleift að taka námskeið sérstaklega fyrir tilgreindar vélar sem viðkomandi vill fá próf á í stað þess að þurfa að taka heilt námskeið fyrir öll tækin í einu. Einnig fagna samtökin því markmiði að auka samræmi milli prófa. Samtökin vilja þó ítreka mikilvægi þess að hægt verði að taka öll bókleg próf rafrænt. Slíkt fyrirkomulag er til þess fallið að spara tíma og kostnað, ekki síst fyrir fólk og fyrirtæki á landsbyggðinni. Þá fagna samtökin því að lögð sé aukin áhersla á öryggisvitund þeirra sem koma til með að stjórna vinnuvélum á vinnustöðum til að stuðla að öryggi og heilsu þeirra sem þar starfa.

Að lokum benda samtökin á að malbikunarvélar ættu að mati samtakanna að falla undir vinnuvélar sem „blandað námskeið – lítið“ nær yfir, sbr. g-lið 1. mgr. 8. gr. draganna. Malbikunarvélar eru mest notaðar að sumri til og algengt er að fólk sem vinnur með skóla taki próf á þessar vélar en komi svo ekki til með að læra meira á vinnuvélar. Því væri hagkvæmara og skilvirkara ef malbikunarvélar féllu undir fyrrnefnt námskeið, líkt og t.d. valtarar þar sem sömu sjónarmið eiga við.

F.h. Samtaka iðnaðarins og Félags vinnuvélaeigenda


Jóhanna Klara Stefánsdóttir,
sviðsstjóri mannvirkjasviðs SI